

Nú.

909. Breytingartillögur

við frumv. til laga um bráðabirgðaverðhækkunartoll á útfluttum, íslenskum afurðum.

Frá flutningsmönnum.

1. Við 3. gr. 6. lið:

Fyrir »kr. 28,00«, komi:
kr. 30,00.

2.

Á eftir 6. gr. komi ný grein svohljóðandi:

Nú hefir útflytjandi keypt af framleiðanda og selt aftur, eina eða fleiri af vörutegundum þeim, sem nefndar eru í 3. gr., áður en lög þessi öðlast gildi, en er ekki búinn að senda þær frá sjer, eða taka á móti þeim frá framleiðanda, og á útflytjandi þá rjett á að draga frá kaupverðinu verðhækkunartoll þann, sem lög þessi gera ráð fyrir, að rjettu hlutfalli við verð það, er hann hefir keypt vöruna fyrir. Ef um fob sölu er að ræða gilda sömu reglur, sem um annað útflutningsgjald, ef ekki er öðru vísi um samið.

Greinatalan breytist samkvæmt því.

3. Við 9. gr. (sem verði 10. gr.):

Fyrir »20. september 1915« komi:

þegar í stað.